

Þingeyjarsveit
Anna Bragadóttir
Kjarni
650 Laugar

Garðabær, 15.11.2024
Málsnúmer: 202410-0056/57
IAS

Efni: Breyting á aðal- og deiliskipulagi vegna Voga 1. Frístundabyggð breytt í íbúðabyggð.

Vísað er í mál nr. 830/2024 í Skipulagsgátt. Vogar 1, frístundabyggð breytt í íbúðarbyggð.

Skipulagsbreytingin felur í sér að breyta 6 frístundalóðum í íbúðarlóðir auk þess að auka byggingarheimild á hverri lóð úr 120 m² í 250 m². Einnig verður heimilt að reisa hús á tveimur hæðum í stað einnar áður. Samhliða er gerð leiðrétting á lóðarmörkum Voga 1 og Bjarkar skv. innmælingu í samræmi við Landskiptagjörð dags. 15.07.2005. Landsvæði Bjarkar er tekið út fyrir skipulagssvæði og er nú ekki hluti skipulags. Frístundareitur F9 í landi Bjarkar fellur út. Fyrirhugaður vegur sem áður var ráðgerður bæði í landi Voga og Bjarkar er nú eingöngu um land Voga 1. Hann færir norðar og er breikkaður úr 3 m í 4 m. Byggingarreitur Þ7 fyrir starfsmannahús er stækkaður þar sem nú eru fyrirhuguð þrjú hús í stað eins. Hámarks byggingarmagn er það sama og áður.

Samhliða er gerð breyting á gildandi aðalskipulagi þar sem frístundabyggð er breytt í íbúðabyggð.

Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir um málið á fyrri stigum og ítrekar hér fyrri athugasemdir.


Skipulagssvæðið er á nútímahrauni, sem rann í Hverfellseldum fyrir um 2650 árum, og á loftmyndum má sjá að í hrauninu eru áberandi svigður eða straumgárar sem liggja þvert á rennslistefnu hraunsins. Þessi form sjást mjög vel þrátt fyrir að hraunið sé mikið til vaxið birki og auka á verndargildi hraunsins. Nútímahraun njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013) og ber að forðast að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til. Flutningur á aðkomuvegi til norðurs og breikkun úr 3 m í 4 m auk heimildar til að gera allt að 1 m breiðan göngustíg samsíða vegi veldur umtalsvert meira raski á ósnortnu nútímahrauni en útfærsla vegarins í gildandi skipulagi og ekki eru færð rök fyrir þeirri brýnu nauðsyn sem kallar á þennan flutning. Þá mun fjölgun lóða og tvöföldun á stærð byggingarreita jafnframt leiða til meiri röskunar á nútímahrauni.

Í 61. gr. laga um náttúruvernd kemur jafnframt fram að „*sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.*“ njóta sérstakrar verndar en ekki er víst að birkið á framkvæmdasvæðinu falli undir þetta ákvæði og ekki er vitað til þess að gróður á framkvæmdasvæðinu hafi verið skoðaður.

Þá vill Náttúrufræðistofnun ítreka hófsemi í uppbyggingu sem veldur raski á vernduðum náttúruminum og eykur álag á viðkvæmt lífríki Mývatns en vatnið er stutt frá áformuðum byggingum þó Mývatnsvegur skilji þar á milli. Taka þarf tillit til þolmarka viðkvæmrar náttúru svæðisins sem jafnframt er í jaðri Verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Að mati Náttúrufræðistofnunar hefði verið heppilegra að sleppa nýjum aðkomuvegi og nota frekar einfalda tengingu við núverandi veg sem liggur fram hjá Vogum 1 og að Björk 3 og Kotasælu. Þannig hefði mátt komast hjá því að raska stærra svæði.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

